

Seltjarnarnesbær

Ársreikningur
2022

Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Kt. 560269-2429

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2022 námu 5.701,1 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 5.563,4 millj.kr. Rekstrartekjur A hluta námu 5.226,4 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 4.838,1 millj.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,09% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,175% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,1875% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 344,8 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 193,7 millj.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 403,1 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 187,6 millj.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2022 nam 3.586,6 millj.kr. en eigið fé A hluta nam 3.111,1 millj.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 3.459,8 millj.kr. Heildarstöðugildi starfsmanna sveitarfélagsins var 262 í árslok 2022 en ársverk á árinu voru 275. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 79,9 millj.kr. í árslok 2022.


Íbúar Seltjarnarnesbæjar þann 31. desember 2022 voru 4.674 og fækkaði þeim um 46 frá fyrra ári eða um 1,9%.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem hefur staðið frá því í byrjun mars 2020 er nú að mestu liðinn hjá. Í upphafi árs reið yfir bylgja sem fól í sér tímabundið álag á rekstur, einkum á fjölskyldusviði. Vegna hækkana á húsnæðismarkaði, hárrar verðbólgu og þenslu innanlands hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti sem hefur neikvæð áhrif á fjármagnsliði. Samþykkt hafa verið lög frá Alþingi sem miða að því að gera sveitarfélögunum kleift að takast á við afleiðingar kórónaveirunnar með tilslökun í fjármálaþingum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fram til ársins 2025, sbr. lög nr. 22/2021.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 16. mars 2023

Bæjarstjóri:





Bæjarráð:



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 12. apríl 2023

Bæjarstjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðra endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2022 sem hefur að geyma A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð sveitarfélaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út en talið er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. ársskýrsla sveitarfélagsins og skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort framlagðar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim kunni að leynast verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, framh.:

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:


- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvisandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirliti sé sniðgengið.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á sveitarfélaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent bæjarstjórn yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum bæjarstjórn um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 12. apríl 2023



J. Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	4.020.198	3.874.089	3.615.146	4.016.354	3.869.988	3.611.801
Framlög Jöfnunarsjóðs	440.240	373.204	351.459	440.240	373.204	351.459
Aðrar tekjur	765.974	590.792	737.651	1.244.507	1.320.200	1.201.275
22	<u>5.226.413</u>	<u>4.838.085</u>	<u>4.704.256</u>	<u>5.701.102</u>	<u>5.563.392</u>	<u>5.164.535</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	3.027.476	3.006.213	2.730.799	3.198.133	3.199.246	2.901.189
Breyting lífeyrisskuldb	265.954	100.593	530.758	261.696	113.525	550.576
Annar rekstrarkostnaður	2.014.259	1.698.407	1.798.807	2.057.570	1.975.050	1.863.201
	<u>5.307.689</u>	<u>4.805.214</u>	<u>5.060.364</u>	<u>5.517.398</u>	<u>5.287.821</u>	<u>5.314.966</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir	(81.276)	32.871	(356.108)	183.704	275.570	(150.431)
Afskriftir	7,27,28 (172.177)	(149.314)	(159.943)	(221.942)	(205.198)	(212.433)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármuna- tekjur og fjármagnsgjöld	(253.453)	(116.442)	(516.052)	(38.238)	70.373	(362.865)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	25 (149.598)	(71.172)	(50.358)	(314.032)	(264.065)	(155.459)
Tekjuskattur	36 0	0	0	7.442	0	(4.529)
Rekstrarniðurstaða	38 <u>(403.052)</u>	<u>(187.614)</u>	<u>(566.409)</u>	<u>(344.829)</u>	<u>(193.693)</u>	<u>(522.853)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir		5.681.769	5.364.200	6.038.069	5.735.263
Veitu- og gatnakerfi		764.960	732.430	2.230.752	2.006.175
Vélar, áhöld og tæki		227.858	219.041	299.777	287.338
Leigðar eignir		100.417	111.185	100.417	111.185
	27 - 32	<u>6.775.005</u>	<u>6.426.856</u>	<u>8.669.016</u>	<u>8.139.961</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	8, 33	280.176	299.493	197.762	197.795
Langtímakröfur	34	1.494.097	1.427.421	1.511.473	1.445.520
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	35	701.334	712.060	0	0
Tekjuskattseign	10, 36	0	0	35.652	28.210
	9-12	<u>2.475.606</u>	<u>2.438.974</u>	<u>1.744.888</u>	<u>1.671.525</u>
Fastafjármunir		<u>9.250.612</u>	<u>8.865.831</u>	<u>10.413.903</u>	<u>9.811.486</u>
Veltufjármunir:					
Birgðir.....	13	0	0	10.611	10.548
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur	14, 37	350.335	345.897	350.335	357.926
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		61.148	43.457	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	35	78.816	70.433	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	34	30.778	29.055	31.326	29.615
Aðrar skammtímakröfur		133.282	139.283	200.776	200.565
Handbært fé.....	15	5.311	4.030	65.856	55.736
Veltufjármunir		<u>659.670</u>	<u>632.155</u>	<u>658.903</u>	<u>654.391</u>
Eignir samtals		<u>9.910.281</u>	<u>9.497.985</u>	<u>11.072.806</u>	<u>10.465.876</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	16				

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	38	3.111.122	3.402.758	3.586.629	3.804.352
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding og aðrar skuldbindingar.....	17, 39	2.096.477	1.946.151	2.188.281	2.044.889
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	18, 40	3.057.689	2.933.320	3.662.471	3.513.608
Leiguskuldir.....	19, 42	135.927	136.225	135.927	136.225
		3.193.616	3.069.544	3.798.398	3.649.833
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		532.834	164.865	532.834	164.865
Skuldir við eigin fyrirtæki		135.803	222.244	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	41	150.022	142.567	186.649	178.300
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	42	12.654	11.776	12.654	11.776
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar.....	39	84.174	71.783	89.157	76.798
Aðrar skammtímaskuldir		593.578	466.297	678.205	535.063
		1.509.065	1.079.532	1.499.499	966.802
Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindingar		4.618.508	4.077.294	5.208.740	4.539.837
Skuldir og skuldbindingar samtals		6.799.159	6.095.227	7.486.177	6.661.524
Eigið fé og skuldir samtals		9.910.281	9.497.985	11.072.806	10.465.876
Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags	44-45				

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða.....	38	(403.052)	(187.614)	(566.409)	(344.829)	(193.693)	(522.853)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	27,28	172.177	149.314	159.943	221.942	205.198	212.433
Söluþap (söluhagnaður) eigna		(764)	0	0	(992)	0	(6)
Niðurfærsla stofnfjár Strætó		19.317		0	19.317	0	0
Verðbætur		291.581	215.142	135.932	345.144	248.481	146.757
Verðbætur, eigin fyrirtæki		(72.848)	(99.954)	(38.597)	0	0	0
Tekjuskattseign, breyting	36	0	0	0	(7.442)	0	4.529
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	39	249.291	100.593	514.095	245.032	103.432	533.913
Veltufé frá rekstri		255.702	177.481	204.964	478.173	363.418	374.772
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnh skatttekjur (hækkun) lækkun ...		(4.438)	0	(31.329)	(3.897)	0	(31.329)
Birgðir, hækkun		0	0	0	(108)	0	1.247
Skammtímakr., (hækkun) lækkun		5.555	0	56.841	10.948	733	64.823
Fyrirframgreiddur kostn., lækkun	12	16.663	16.663	16.663	16.663	16.663	17.224
Skammtímaskr., hækkun (lækkun)		127.727	0	(118.550)	144.542	195	(122.932)
Gr. vegna lífeyrisskuldbindingar	39	(86.573)	(69.764)	(75.631)	(89.090)	(73.264)	(79.198)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		58.934	(53.101)	(152.006)	79.059	(55.673)	(150.166)
Handbært fé frá rekstri		314.636	124.380	52.958	557.231	307.745	224.607
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjárumnum	29	(409.346)	(631.040)	(347.290)	(645.760)	(758.332)	(778.463)
Seldir rekstrarfjárumunir.....	27,28	1.200	0	0	1.633	0	36
Fjárfest í eignarhlutum, nettó.....		0	(63.383)	(29.491)	0	(63.383)	(19.291)
Langtímakröfur, breyting.....		(85.062)	(28.922)	(37.445)	(85.403)	(29.114)	(37.695)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		75.192	71.149	26.073	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(418.016)	(652.196)	(388.153)	(729.529)	(850.829)	(835.413)
Fjármögnunarhreyfingar:							
Tekin ný langtímalán		0	700.000	399.848	7.860	700.000	855.875
Afborganir langtímalána	40	(146.956)	(153.707)	(123.385)	(181.195)	(177.786)	(133.045)
Afborganir leiguskuldur.....	42	(12.219)	(11.000)	(11.247)	(12.219)	(11.000)	(11.247)
Eigið fé Lækningaminjasafnis		0	0	(42.184)	0	0	0
Eigin fyrirtæki, breyting.....		(104.132)	(14.905)	175.741	0	0	0
Aðrar breytingar.....		0	0	0	0	0	439
Skuldir við lánastofnanir, breyting		367.968	(20.573)	(106.060)	368.701	(23.209)	(120.963)
Fjármögnunarhreyfingar		104.661	499.816	292.713	183.147	488.005	591.060
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		1.281	(28.000)	(42.482)	10.849	(55.078)	(19.747)
Handbært fé í ársbyrjun.....		4.030	30.000	46.512	55.736	40.000	75.483
Áhrif breytinga v/byggðasaml.....					(730)		
Handbært fé í árslok.....		5.311	2.000	4.030	65.856	(15.078)	55.736

Skýringar

Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Seltjarnarnesbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 4.674 þann 31.12.2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurströnd 2.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnisýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar árið 2022 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Áhaldahús. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Seltjarnarness, Vatnsveita Seltjarnarness, Fráveita Seltjarnarness, Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi, og Hrólfskálamelur ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

Reikningsskilaaðferðir

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Reikningsskil byggðasamlaga eru í þessum ársreikningi færð inn í samantekin reikningsskil Seltjarnarnessbæjar miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2022.

Áður voru reikningsskil þessara byggðasamlaga ekki færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins. Breytingin hefur áhrif á rekstramiðurstöðu A+B. Áhrifin á samantekinn efnahagsreikning eru að heildareignir og heildarskuldir hækka. Eigið fé samtals hækkar sem nemur hlutdeild okkar í eigið fé byggðasamlaganna. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu.

	Ársreikningur 31-12-2021 Fyrir breytingu	Ársreikningur 31-12-2021 Eftir breytingu	Áhrif breytinga á reglugerð 1212/2015
Eignir.....	10.257.747	10.465.876	208.129
Eiginfjárreikningur.....	3.739.706	3.804.352	64.646
Skuldir og skuldbindingar.....	6.518.040	6.661.524	143.484

Innlaun tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færast til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi, eftur því sem við á. Mismunur á seldum byggingarrétti og kostnaði við uppkaupt lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færast með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

Skýringar frh.

Færsla gjalda

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlagsviðmið

- Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings. Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lenda er fært á eiginfjárreikning.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	33 - 67 ár
Veitukerfi.....	25 - 50 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	3 - 14 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteign.....	15 ár
---------------	-------

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Langtímakröfur

- Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Tekjuskattseign

- Tekjuskattseign (og tekjuskattsskuldbinding) þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að tekjur og gjöld eru færð á öðrum tíma í ársreikningi en í skattuppgjöri.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi, nú 37,6% fyrir hitaveitu.

Langtímakrafa á ríkissjóð

- Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamningsins um hjúkunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

Skýringar frh.

Fyrirframingreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

12. Fyrirframingreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs er tilkomið vegna lagabreytingu frá árinu 2017 þar sem breytingar voru gerðar á réttindaávinnslu A-deildar Brúar lífeyrissjóðs. Áhrif lagabreytingarinnar voru m.a. að greiða þurfti inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga. Heildarframlag sveitarfélagsins í Brú lífeyrissjóð var 476,7 m.kr. og var það greitt á árinu 2018. Sveitarfélagið nýtti sér heimildarákvæði í reglugerð 1212/2015 þess efnis að fyrirframingreiðsla í lífeyrisaukasjóð sé gjaldfærð með jöfnum fjárhæðum á 30 árum og framlagið í varúðarsjóð með jöfnum fjárhæðum á 20 árum. Eignfærð framlög eru gjaldfærð meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Birgðir

13. Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

14. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

15. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

16. Fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

17. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2022. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikningi samanber skýringu 39. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

Langtímaskuldir

18. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Leiguskuldir

19. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslna er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

20. Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringum 44 - 45.

Fjárhagsáætlun

21. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 50 og 51.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

22. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar	3.707.386	3.560.482	3.707.386	3.560.482
Fasteignaskattur	274.473	275.884	270.630	271.783
Lóðarleiga	38.339	37.723	38.339	37.723
	<u>4.020.198</u>	<u>3.874.089</u>	<u>4.016.354</u>	<u>3.869.988</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	204.330	195.894	204.330	195.894
Framlög þjónusta við fatlað fólk.....	222.667	177.310	222.667	177.310
Framlag vegna efiingu tónlistarnáms.....	3.875	0	3.875	0
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra.....	6.008	0	6.008	0
Framlög vegna nýbúafræðslu.....	3.360	0	3.360	0
	<u>440.240</u>	<u>373.204</u>	<u>440.240</u>	<u>373.204</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>4.460.438</u>	<u>4.247.293</u>	<u>4.456.594</u>	<u>4.243.192</u>
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur o.fl.....	765.974	590.792	1.241.424	1.320.200
Söluhagnaður eigna.....	0	0	3.083	0
	<u>765.974</u>	<u>590.792</u>	<u>1.244.507</u>	<u>1.320.200</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>5.226.413</u>	<u>4.838.085</u>	<u>5.701.102</u>	<u>5.563.392</u>

Laun og launatengd gjöld

23. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum
Laun	2.462.886	2.444.471	2.640.998	2.624.247
Launatengd gjöld	584.989	561.742	585.165	574.999
Eignfærð laun.....	(20.400)	0	(28.029)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.027.476</u>	<u>3.006.213</u>	<u>3.198.133</u>	<u>3.199.246</u>
Framlög v/uppgjörs Brúar lífeyrissjóðs.....	16.663	16.663	16.663	16.663
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	249.291	83.930	245.032	96.862
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>265.954</u>	<u>100.593</u>	<u>261.696</u>	<u>113.525</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.293.430</u>	<u>3.106.807</u>	<u>3.459.829</u>	<u>3.312.771</u>

Heildarstöðugildi sveitarfélagsins voru 262 í árslok 2022 en ársverk á árinu voru 275.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 79,9 millj. kr. með launatengdum gjöldum á árinu 2022.

Annar rekstrarkostnaður

24. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum
Vöru- og þjónustukaup.....	1.309.003	1.069.529	1.352.009	1.346.172
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	705.256	628.878	705.561	628.878
	<u>2.014.259</u>	<u>1.698.407</u>	<u>2.057.570</u>	<u>1.975.050</u>

Skýringar frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

25. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum
Vaxtatekjur.....	176.416	77.143	147.323	52.213
Arður og aðrar eignatekjur.....	778	21.500	778	21.500
Fjármagnstekjuskattur.....	(380)	(250)	(380)	(390)
Vaxtagjöld.....	(107.042)	(31.336)	(120.877)	(118.024)
Verðbætur.....	(219.370)	(138.229)	(340.876)	(219.364)
	<u>(149.598)</u>	<u>(71.172)</u>	<u>(314.032)</u>	<u>(264.065)</u>

Heildaryfirlit um rekstur

26. Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2022			Áætlun 2022 með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	43	4.561.460	4.561.416	4.346.918
Félagsþjónusta.....	835.631	40.175	(795.456)	(737.062)
Heilbrigðismál.....	7.591	4.779	(2.811)	(3.821)
Fræðslu- og uppeldismál.....	2.787.783	182.647	(2.605.136)	(2.570.162)
Menningarmál.....	141.960	2.672	(139.288)	(143.256)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	834.043	138.476	(695.567)	(659.945)
Brunamál og almannavarnir.....	48.867	0	(48.867)	(49.547)
Hreinlætismál.....	97.508	93.157	(4.351)	(4.340)
Skipulags- og byggingarmál.....	32.805	14.364	(18.441)	(18.969)
Umferðar- og samgöngumál.....	202.929	1.646	(201.283)	(167.499)
Umhverfismál.....	88.215	9	(88.206)	(59.122)
Atvinnumál.....	788	0	(788)	(800)
Sameiginlegur kostnaður.....	396.828	157.514	(239.314)	(238.270)
Lífeyrisskuldbinding.....	265.954	0	(265.954)	(100.593)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	17.962	542.639	524.677	566.093
Aðalsjóður samtals	<u>5.758.906</u>	<u>5.739.539</u>	<u>(19.367)</u>	<u>159.623</u>
A hluta sjóðir og stofnanir:				
Eignasjóður.....	985.869	643.051	(342.818)	(308.383)
Áhaldahús.....	162.485	121.619	(40.866)	(38.854)
Innri færslur A hluta.....	(829.207)	(829.207)	0	0
A hluti samtals	<u>6.078.053</u>	<u>5.675.002</u>	<u>(403.052)</u>	<u>(187.614)</u>
B hluta fyrirtæki:				
Hitaveita Seltjarnarness.....	233.138	220.787	(12.351)	(15.269)
Vatnsveita Seltjarnarness.....	114.983	140.333	25.350	5.570
Fráveita Seltjarnarness.....	166.604	224.514	57.910	33.167
Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi.....	35.725	24.157	(11.568)	(12.309)
Byggðasamlög.....	158.086	156.967	(1.119)	2.763
Greiddur arður innan samstæðu.....	0	0	0	(20.000)
Innri færslur A og B hluta.....	(292.071)	(292.071)	0	0
A og B hluti samtals	<u>6.494.520</u>	<u>6.149.691</u>	<u>(344.829)</u>	<u>(193.693)</u>
